


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Kennsluáætlun í Byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu líkamann

eftir Gunnhildi Óskarsdóttur og Ragnheiði Hermannsdóttur
Námshagkerfi 2001

Hugsuð fyrir 1.- 2. bekk

Þinglína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um líkamann, veður, fæðu, fatnað, tilfinningar, listaverkabækur þar sem líkaminn er fyrirmyndin. Aðgangur að bókasafni, hljómlutningtækjum, tölvum. Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafn Ef væri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

Ef þú giftist (bls. 2-3)**
Þegar fólkið fer að búa (bls. 2-3)
[Lag um mánuðina](#) (bls. 4)
[Buxur, vesti, brók og skó](#) (bls. 4)
Þegar barnið í fót sín fer (bls. 4) ***
Ræningjarnir leita (bls.4) ***
Frost er úti fuglinn minn (bls. 4) **
Nú gaman gaman er ***
Hreyfa/frjósa söngurinn (bls. 4)
Þorraþræll (bls. 4) *
[Ó, mamma gef mér](#) (bls. 5) ***
[Einn lítill, tveir litlir.](#)(bls. 5)
Fingurnir (Þumalfingur..) (bls. 5)
Maðurinn sem úti er (6-9)
[Höfuð herðar hné og tær](#) (bls. 8) ***
Klappa saman lófunum (bls. 9) ***
Tvö skref til hægri (bls. 10) ***

[Karl gekk út um morguntíma](#) (bls. 11)
Uppi á brú ég og þú (bls. 11)
Hóký póký (bls. 10-11) ***
Ef þú ert súr (bls. 13) ***
Tilfinningablús (bls. 13) ***
Furðuverk (bls. 14-24) ***
Allur matur á að fara (bls. 18-19) ***
Legg í lófa karls (bls. 18-19) ***
[Lagið um það sem er bannað](#) (bls. 20) ***
Vísur Vatnsenda Rósu (bls. 22) ***
Grænmetisvísur (bls. 22) ***
Tennurnar (Tönnin mín) (bls. 22)
Dvel ég í draumahöll (bls. 23) ***
Óli lokbrá (bls. 23) ***
Sofðu unga ástin mín (bls. 23) *
Vakna Dísa (bls. 23) ***
Hann Tumi fer á fætur (bls. 23) **

Dæmi um hlustunarefni

[Brúðarkórinn](#) (Wedding chorus) – Wagner
[Brúðkaupsmars](#) (Wedding March) Mendelssohn
[Vögguvísa](#) (Wiegenlied op 49 nr 4) – Brahms
[Vögguvísa](#) (Wiegenlied op 49 nr 4) – Brahms
[Vögguvísa op.68](#) (Lullaby) - Grieg
[Vetrarvindur/Winter Wind](#) – Chopin
[Blómavalsinn](#) (Waltz of the Flowers úr Hnotubrjótnum) – Tchaikovsky
[The Skeleton Dance](#)
[Höfuð herðar](#)
[Sænsk rapsódía](#) no.1 op. 19 miðsumarvakan - Alven
[Hoky Poky](#) (á ensku)
[Kan kan](#) (Can Can) – Offenbach
[Karnival dýranna](#) - Saint-Saëns Fíllinn (dansar kan kan hægt)

[Aría á g-streng-](#) (Air on G-string) – Bach
[Óðurinn til gleðinnar](#), (Ode to Joy úr sínfónú nr. 9) – Beethoven
[Lærlingur galdrakarlsins](#) (The Sorcerer’s Apprentice) – Dukas
[Matur himneskur matur](#) (Food glorious Food úr söngleiknum Oliver) – Bart
[Garðar í rigningu](#) (Jardins Sous La Pluie) – Debussy
[Gosbrunnarnir](#) (Jeux d’eau) – Ravel
[Spegilmýnd á vatninu](#) (Reflets dans l’eau) – Debussy
[Svörtu augun](#) (Dark eyes) – Rússneskt þjóðlag
[Draumsjónir](#) (Träumerei, Dreaming) – Schumann
[Lítið næturlióð](#) (Eine Keine Nacht Music) Mozart
[Morgunn](#) úr svítunni Pétur Gautur - Grieg

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, lesa í teikninga af mannlíkamanum, læra ljóð (söngtexta) og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða og tvíhljóðana -au, ei, ey og tvöfalda samhljóða.
- Auka orðaforða og þekkja orð sem ríma saman.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnrænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og fyrir vinnubók um líkamann.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

Upplstur (Komdu og skoðuðu líkamann)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðuðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Líkamshlutar sem nefndir eru skráðir á töflu (flettitöfluna).
- Ýmsar teikningar kynntar af mannlíkamanum t.d. af beinagrind og mismunandi kerfum líkamans, vöðvum, blóðrás, lungum, meltingavegi, mismunandi frumum o.s. frv.

Syngja: **Ef þú giftist** (bls. 2-3) og
Þegar fólk fer að búa

Hlusta á: [Brúðarkórinn](#) (Wedding chorus) – Wagner
[Brúðkaupsmars](#) (Wedding March)
Mendelssohn

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni
(líkaminn)
Söngur
Hlustun



Ópera

Ópera er leikrit sem er sungið með hljómsveitarundirleik. *Brúðarkór* Wagners er úr óperunni um svanariddarann Lohergrin og oftast notað í upphafi athafnarinnar.



Mars

[Mars](#) er göngulag þar sem takturinn er 2/4, (talið 1,2). *Brúðkaupsmars* Mendelssohn er oftast notaður sem útgöngulag við kirkjubrúðkaup.



Hlustið á *Brúðkaupsmarsinn* og gangið í takt (einn, tveir, einn, tveir o.s.frv.)

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í þörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu):

Fruma, eggfruma, sæðisfruma, mamma, pabbi, barn, kyn, stelpa, strákur, mánuður, afmæli, húð, sársauki, hiti, kuldi, fingur, tær, fingraför, vaxa, bein, hlutverk, vöðvar, borða, drekka, súrefni, smásjá, beinagrind, líffæri, liðamót, rifbein, hjarta, lungu, hreyfa, höfuðkúpa, hjálmur, vernda, hreyfa, stjórna, hoppa, hné, hlaupa, dansa, beygja, skilaboð, svipbrigði, brosa, fýla, gráta, gleði, auga, blóð, vökvi, dæla, súrefni, lítri, bakteríur, slög, munnur, tennur, nef, anda, hljóð, syngja, raddbönd, tunga, matur, mauk, vélinda, lifur, magi, ristill, smáþarmar, endaparmur, næring, kúka, nýra, vatn, þvagblaðra, pissa, svitna, sturta, sofa, meistaraverk, frábær, eintak

- **Lykilorð:** beinagrind, meistaraverk
Nota meðfylgjandi blað til að skrifa ný orð á. (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda tvíhljóðin: – au- ei-ey (paravinna).
- Nemendur skrifa nafnið á afmælistánuðinu sínum á A-4 blað og teikna mynd við.

Syngja: **Lag um mánuðina** (bls 4)
Ó, mamma gef mér (bls. 5)
Einn lítill, tveir litlir..(bls. 5)
Fingurnir (Þumalfingur.. (bls. 5)
Maðurinn sem úti er (6-9)
Vísur Vatnsenda Rósu (bls. 22)
Klappa saman lófunum (bls. 9)
Lag um mánuðina (bls. 4)

Hlusta á: [Svörtu augun](#) (Dark eyes) – Rússneskt Þjóðlag

2. lota

Viðfangsefni bókin
Komdu og skoðuðu líkamann
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Ritun – stafagerð
Tvíhljóð æ-ei-ey
Söngur
Hlustun
Hreyfing



Þjóðlag

Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlag og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. [Þjóðlagasafnið á Siglufirði](#) er reist í minningu hans.

Stöðvavinna:


- **Hópur 1:** Teiknar stóra beinagrind á maskínupappír, litar, skrifar heit beinanna á miða og festir á beinagrindina á rétt bein.
- **Hópur 2:** Býr til stóra mynd af líkamanum á maskínupappír (strikar eftir einhverjum úr hópnum) klippir út hjarta (½ blátt og ½ rautt) og límir á réttan stað, puttaprjónar bláar og rauðar æðar og límir á líkamann(skoða myndina á bls.14).
- **Hópur 3:** Teiknar fjölbreyttan mat, límir á veggspjald og skrifar heitin við.


Syngja: **Höfuð herðar** (bls. 8)
Allur matur á að (bls.18-19)
Legg í lófa karls (bls. 18-19)
Grænmetisvísur (bls. 22)
Tennurnar (bls. 22)

Hlusta á: [The Skeleton Dance](#)
[Höfuð herðar](#)
[Matur himneskur matur](#) (Food glorious Food úr söngleiknum Oliver) – Bart

3. lota

Myndræn yfirfærsla
Ný orð
Ritun – stafagerð
Söngur
Hlustun
Hreyfing

 *Höfuð herðar* er alltaf gaman að syngja og leika og prufa mismunandi hraða hægt og hratt og allt þar á milli (largo/allegro hægt/hratt).

 Reynið að læra að syngja *beinagrindar dansinn* á ensku. Það er gaman að vera í dökkum fötum og næla á sig bein sem maður hefur teiknað og leika og syngja sem beinagrind.



Söngleikur

Söngleikur er leikrit þar sem bæði er sungið með undirleik og talað. Söngleikurinn *Oliver* er gerður eftir sögunni um *Oliver Twist* eftir Charles Dickens einn af fremstu rithöfundum Breta.

Stöðvavinna:


- **Hópur 1:** Teiknar föt, klippir út og skrifar nafnið á t.d. buxur og límir á veggspjald.
- **Hópur 2:** Skrifar heiti á mismunandi veðri á miða og límir á veggspjald og teiknar veðrið hjá t.d. sólskin.
- **Hópur 3:** Býr til mynd á veggspjald með því að nota vatnsliti og stimplar með fingurgómunum.


Syngja: **Buxur, vesti** (bls. 4)
Þegar barnið í föt sín fer (bls. 4)
Ræningjarnir leita (bls.4)
Frost er úti fuglinn (bls. 4)
Nú gaman gaman er
Hreyfa/frjósa söngurinn
Þorraþræll








Hlusta á: [Vetrarvindur/Winter Wind](#) – Chopin.
[Blómavalsinn](#) (Waltz of the Flowers úr Hnotubrjótnum) – Tchaikovsky .





4. lota

Myndræn yfirfærsla
Fatnaður
Veður
Ný orð
Ritun- stafagerð
Söngur
Hlustun
Hreyfing

 Dansa frjálst með langa borða við *Vetrar vindinn*.

 Dansa frjálst með gerviblóm við *Blómavalsinn* (gefa og þiggja og skiptast á blómum á meðan á dansinum stendur án þess að stöðva.)

<p>Bekkurinn býr til rigningu í glerkrukku. Það tekur u.þ.b. 15 mín. Nemendur skrifa niður lýsingu á ferlinu eða búa til teiknimyndasögu um það.</p> <p>Föndrið og skreytið regnstafi</p> <p>Syngja: Í rigningu ég syng</p> <p>Hlusta á: Garðar í rigningu (Jardins Sous La Pluie) – Debussy Gosbrunnarnir (Jeux d’eau) –Ravel Spegilmýnd á vatninu (Reflets dans l’eau) – Debussy</p>	<p>5. lota</p> <p>Uppgufun og þétting vatns. Myndræn yfirfærsla Ritun</p> <p> Semjið regndans við verk Debussy og Ravel og dansið með regnstafina. Margir frumstæðir þjóðflokkar dansa regndans þegar þeir vilja látaigna.</p>
<p>Stöðvavinna:</p> <p>Vinna með ljósrít af ljóðunum hér að neðan Gera hring utan um orð sem ríma saman í Dvel ég í draumahöll, búa til myndasögu um Óli lokbrá, strika undir tvöfalda samhljóða í Sofðu unga ástin mín.</p> <p>Syngja: Dvel ég í draumahöll (bls. 23) Óli lokbrá (bls. 23) Sofðu unga ástin mín (bls. 23) Vakna Dís (bls. 23) Hann Tumi fer á fætur (bls. 23)</p> <p>Hlusta á: Vögguvísa (Wiegenlied op 49 nr 4) – Brahms Vögguvísa (Wiegenlied op 49 nr 4) – Brahms Vögguvísa op.68 (Lullaby) - Grieg Lítið næturljóð (Eine Keine Nacht Music) Mozart Morgunn úr svítunni Pétur Gautur - Grieg</p>	<p>6. lota</p> <p>Ný orð Ritun- stafagerð Rím Tvöfaldir samhljóðar Söngur Hlustun</p> <p> Vögguvísa (á þýsku Wiegenlied og á ensku Lullaby)</p> <p> Ruggið ykkur í takt við vögguvísu Brahms og hafið augun lokuð og njótið tónlistarinnar.</p> <p> Svíta Svíta er verk sem er í mörgum smá þáttum sem er raðað saman.</p>
<p>Stöðvavinna:</p> <p>Kennari útbýr þrjú veggspjöld úr maskínupappír sem líta út eins og þokar.</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Skrifar á miða orð sem skapa gleði og líma á réttan þoka. ○ Hópur 2: Skrifar miða með orðum sem framkalla sorg og líma í réttan þoka. ○ Hópur 3: Skrifar miða með orðum sem framkalla reiði og líma í réttan þoka. ○ Vinnublað með andlitum og nemendur teikna andlit sem passar við og skrifa undir t.d. glaður. <p>Syngja: Ef þú ert súr (bls. 13) Tilfinningablús (bls. 13) Lagið um það sem er bannað</p> <p>Hlusta á: Aría á g-streng- (Air on G-string) – Bach Óðurinn til gleðinnar, (Ode to Joy úr sínfóníu nr. 9) – Beethoven</p>	<p>7. lota</p> <p>Tilfinningar Myndræn yfirfærsla Ný orð Ritun – stafagerð Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Aría eða Air Aría eða Air er sönggræn melódía eða laglína. Í þessu tilfelli er það fiðlan sem syngur laglínuna í verki Bach.</p> <p> Sínfónía Orðið sínfónía þýðir upprunalega að hljóma saman. Sínfónía er nokkurs konar sónata fyrir hljómsveit.</p> <p> Sónata er verk fyrir einleikara eða nokkur hljóðfæri oftast í fjórum köflum.</p>

<p>Umræða og hlustun</p> <p>Nemendur hlusta á brot úr tónverkum eftir ýmsa höfunda sem þau hafa verið að hlusta á undanfarið og rifja upp hver þau eru.</p> <p>Skoða bækur með sögum og ævintýrum um líkamann t.d.: Viltu vita meira um líkamann Líkaminn alfræði Disney Líkaminn hans Jóa Líkaminn er listasmíð Einnig skoðaðar listaverkabækur þar sem líkaminn er fyrirmynd myndverksins og skoðaðar listaverkamyndir í tölvu.</p> <p>Syngja: Furðuverk (bls. 14-24)</p> <p>Hlusta: Lærlingur galdrakarlsins (The Sorcerer's Apprentice) – Dukas</p>	<p>8. lota</p> <p>Hlustun Lestur Lestur Ritun Tjáning Upplýsingaöflun í tölvu og bókasafni</p>
<p>Ljóð – tjáning</p> <p>Flytja ljóð fyrir bekkinn sem börnin fengu að fara með heim og æfa sig að lesa. Nemendur gefa flutningnum stjórnur.</p>	<p>9. lota</p> <p>Framsaga Munnleg tjáning</p>
<p>Einstaklingsvinna</p> <p>Allir búa til kórónur. Heftur er saman renningu. Hvert barn velur sér frumu til að teikna, lita og líma á renninginn og skrifa nafnið á frumunni á renninginn. Síðan verða kórónurnar notaðar á sýningunni.</p> <p>Syngja: Karl gekk út um morguntíma Hóký Póký Tvö skref til hægri Upp á brú ég og þú</p> <p>Hlusta: Sænsk rapsódía no.1 op. 19 miðsumarvakan - Alven Hoky Poky (á ensku) Kan kan (Can Can) – Offenbach Karnival dýranna - Saint-Saëns Fíllinn (dansar kan kan hægt)</p>	<p>10. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ritun Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Rapsódía Liszt gerði rapsódíur vinsælar.</p> <p> Í sænsku rapsódíunni hefur Alven smeygt karl gekk út um morguntíma snemma í verkinu reynið að finna hvar það er.</p> <p> Kan kan Kan kan er dans upprunninn í París 1830 í danssölum verkafólks. Seinna þróaðist hann í dans þar sem fjörmiklar stúlkur í síðum efnismiklum pilsnum og svörtum sokkum dönsuðu í línu eða röð og skvettu upp pilsunum. Í Karnivali dýranna er gert grín að fílunum og hann látinn dansa kan kan hægt og stírbusalega</p> <p> Prufið að dansa kan kan!</p>
<p>Sýning</p> <p>Sýna bækurnar sínar um líkamann. Nemendur gefa bókunum stjórnur Nemendur lesa ljóð, syngja og dansa</p>	<p>11. lota</p> <p>Tjáning Munnleg tjáning Framsaga</p>

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU LÍKAMANN

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Ef þú giftist

Ég skal kaupa þér kökusnúð
með kardíommum og sykurlúð,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í ták
og góða skó til að dansa á,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt
að aldrei við þurfum að kynda neitt,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög
og leika undir á stóra sög,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,
svo finni þig ekkert pólití,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Jónas Árnason

Þegar fólk fer að búa

Þegar fólk fer að búa
fer storkurinn að fljúga,
og fyrr en nokkurn varir heyrir smábarnavæl.
Það þarf að skipta' á bleyjum
á þessum litlu greyjum
og þvo þær síðan upp úr þvottadufti og klór.

Lag um mánuðina

Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní,
júli, ágúst
september, október,
nóvember og desember!

Buxur, vesti, brók og skó

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Jónas Hallgrímsson

Pegar barnið í föt sín fer

Pegar barnið í föt sín fer
fjarska mörgu þarf að huga að hér.
Fyrst er reynt að hneppa hnapp,
í hnappagatið loks hann slapp.
Renna lás og reima skó,
reyndar finnst mér komið nóg.
Þetta er gjörvallt í grænum sjó!!

Við skulum:
Hneppa, renna, smella og hnýta,
hneppa, renna, smella og hnýta,
hneppa, renna, smella og hnýta,
hnýta slaufu á skó!!

Stefán Jónsson

Ræningjarnir leita

Hvar er húfan mín? Hvar er hempan mín?
Hvar er falska, gamla, fjöggra gata flautan mín?
Hvar er úrið mitt? Hvar er þetta og hitt?
Hvar er bláa skyrtan, trefilinn og beltið mitt?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna? Sérðu flöskuna?
Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu öskuna?
Hvar er peysan blá? Hvar er pyngjan smá?
Hvar er flísinn sem ég stakk í mín stórutá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál? Sérðu þráð og nál?
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt drykkjarmál?
Sérðu pottana og seglgarnsspottana?
Sérðu heftið sem ég las um hottintottana?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðan? Hvar er eldspýtan?
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er Jónatan?
Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.
Hvar er kertið sem við erfðum henni ömmu frá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Thorbjörn Egner – Kristján frá Djúpalæk

Nú gaman, gaman er

Nú gaman, gaman er
í góðu veðri að leika sér,
og fönnin hvít og hrein
og hvergi sér á stein.
Ó já, húrra tra la la.
Svo bind ég skíði á fiman fót
og flýg um móa og grjót.
Húrra, húrra, húrra.

Sú brekka þykir brött
og best að ganga yfir hól
en ég tel ekki neitt
þó ennið verði sveitt.
Ó nei, tra la la la.
Ég ösla skaflinn eins og reyk
og uni vel þeim leik.
Húrra, húrra, húrra.

Og hér er brekkan há
nú hleypi ég fram af, lítið á
og hríðin rýkur hátt,
ég held það gangi dátt.
Ó já, húrra tra la la.
Á fluginu mitt hjarta hló
ég hentist fram á sjó.
Húrra, húrra, húrra.

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu' í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla' að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Hreyfa – Frjósa söngurinn

Hreyfa litlar hendur, hreyfa litlar hendur,
hreyfa litlar hendur
og frjósa eins og skot
Hreyfa litla fætur, hreyfa litla fætur,
hreyfa litla fætur
og frjósa eins og skot
(Augu, munna, tungu, okkur sjálf.)

Þorraþræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin. -
Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél,
yfir móa og mel
myrkt sem hel.“

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein
gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

„Bónði minn,
þitt bú betur stunda þú.
Hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa,
en fleiri höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.“

Kristján Jónsson

Í rigningu ég syng

(lag: I'm singing in the rain)

Í rigningu ég syng,

Í rigningu ég syng.

Það er stórkostlegt veður,

mér líður svo vel!

Armar fram og armar að.

Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja!

Ó, mamma, gef mér rós

Ó, mamma, gef mér rós í hárið á mér,

því tveir litlir strákar eru skotnir í mér.

Annar er blindur og hinn ekkert sér.

Ó, mamma, gef mér rós í hárið á mér.

Þegiðu stelpa, þú færð enga rós,

farðu heldur með henni Gunnu út í fjós.

Þar eru kálfar og þar eru kýr,

þar eru fötur til að mjólka í.

Einn lítill, tveir litlir

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur

Fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur

Sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur

Tíu litlir fingur á hendi.

Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Litlifingur, litlifingur

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Maðurinn, sem úti er

Maðurinn, sem úti er,
undrun vekur mína.
Heilanum úr höfði sér
hann er búinn að tína.

Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.

Klappa saman lófunum

Klappa saman lófunum,
reka féð úr mounum,
tölta eftir tounum,
tína egg úr spounum.

Gamall húsgangur

Tvö skref til hægri

Tvö skref til hægri
og tvö skref til vinstri.
Beygja arma, rétta arma
klappi, klappi, klapp.

Hálfan hægri hring,
hálfan vinstri hring,
hné og magi, nrjóst og enni,
klappi, klappi, klapp.

Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma
taldi alla sauði sína,
einn og tveir og þrír og fjórir, allir voru þeir.
Með höndunum gerum við klapp, klapp, klapp
með fótunum gerum við stapp stapp stapp.
Einn, tveir, þrír, ofur lítið spor,
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

Uppi á brú

Uppi' á brú, ég og þú,
allir dansa, allir dansa.
Uppi' á brú, ég og þú,
allir dansa hopp og snú.
Herrann djúpt sig hneigir,
hnén þá daman beygir.
Uppi' á brú, ég og þú
allir dansa, allir dansa.
Uppi' á brú, ég og þú,
allir dansa hopp og snú.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Hóký-Póký

Við setjum hægri höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
inn, út, inn, út - og hristum hana til.
Við gerum hóký-póký
og snúum okkur í hring.
Þetta er allt og sumt!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Þetta er allt og sumt!

Ef þú ert súr

Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað,
geta' í hláturböndin tosað,
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ólafur Haukur Símonarson

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í magá - ooohó!

Ég finn það fram í hendur - ooohó!

Ég finn það niður í fætur - ooohó!

Ég finn það upp í höfuð - ooohó!

∴Ég finn það hér og hér og hér og hér og hér og hér og hér hvað ég er glöð! Hér inni í mér!∴

(reið, leið, svöng, þreytt o.s.frv.)

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,

ég á lítið skrýtið nef.

Ég á augnabrúnir, augnalok

sem lokast þegar ég sef.

Ég á kinnar og varir rauðar,

og á höfi hef ég hár,

eina tungu og tvö lungu

og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur

og hjarta sem að slær,

tvær hendur og tvo fætur,

tíu fingur og tíu tær.

Ég get gengið ég get hlaupið

kann að tala mannamál.

Ég á bakhlið ég á framhlið

en innst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk,

algert furðuverk,

sem að Guð bjó til.

Ég er furðuverk,

algert furðuverk,

lítið samt ég skil.

Í heilanum spurningunum

ég velti fyrir mér

og stundum koma svörin

svona eins og af sjálfu sér.

En sumt er margt svo skrýtið

sem ég ekki skil,

en það gerir ósköp lítið

því mér finnst gaman að vera til.

Því ég er furðuverk.....

Jóhann G. Jóhannsson

Allur matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga
Heyrið þið það
Heyrið þið það
Svo ekki gauli garnirnar.

Legg í lófa

Legg í lófa karls, karls
Legg í lófa karls, karls
karl skal ekki sjá.
Kæra mamma kökubita
kýs ég mér að fá.

Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti on'í skurð.
ekki fara' í bæinn og kaupa popp og tyggjó,
ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó,
ekki tína blómin sem eru úti' í beði,
ekki segja ráddi heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall,
ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu,
ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inni' í búð
og ekki gefa litla bróður snúð,
ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta,
ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.

Sveinbjörn I. Baldvinsson

Vísur Vatnsenda-Rósu

Augun mín og augun þín,
ó, þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt,
þú veist hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann,
sannlega fríður var hann,
allt sem prýða má einn mann,
mest af lýðum bar hann.

Þig ég trega manna mest,
mædd af tára flóði.
Ó, að við hefðum aldrei sést
elsku vinurinn góði.

Vatnsenda-Rósa

Grænmetisvísur

Þeir sem bara borða kjöt
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða' og flón af því
og fá svo illt í maga.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti.
Þá fá allir nettan maga,
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti.

Sá er fá vill fisk og kjöt
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
og melt hann ekki getur.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og tómata.
Hann verður sæll og viðmótsljúfur,
vinamargur, heilladrjúgur
og fær heilar, hvítar tennur.
Heilsu má ei glata.

Kristján frá Djúpalæk þýddi

Tönnin mín

Tönnin mín, tönnin mín
tönnin mín er sæt og fín
burstuð hún alltaf er
bæði þar og hér.
Borða góðan hollan mat
á tönnina kemur ekki gat
tönnin mín, tönnin mín
alltaf hvít og fín.

Tönnin er með gati
hér grátandi hún líka er
burstuð hún ekki var
hvorki hér né þar.
Kárius á henni sat
og hjó í hana stærðar gat
tönnin er með gati
hér grátandi hún er.

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

Thorbjörn Egner - Kristján frá Djúpalæk

Óli lokbrá

Blunda þú nú barnið mitt,
bráðum kemur nótt.
Óli lokbrá læðist inn,
létt og ofur hljótt.

Hann mun sögur segja þér
sólskinslöndum frá,
þar sem gróa gullin blóm,
græn og rauð og blá.

En yfir þér englar vaka,
þeir elska sinn litla vin,
og gullvængjum blítt þeir blaka
við blikandi stjörnuskin.

Óli lokbrá leiðir þig
létt um draumsins svið,
heillar yfir barnsins brá
blíðan næturfrið.

Jakob Hafstein

Sofðu unga ástin mín

Sofðu unga ástin mín.
Úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi og vóluskrín.
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,
seint mun best að vakna.
Mæðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Jóhann Sigurjónsson

Það er margt sem myrkrið veit
minn er hugur þungur.
Oft ég svarta sandinn leit,
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Vakna Dís

Vakna Dís, vakna nú,
veltu þér úr fleti.
Vakna segi' ég vakna þú,
vond er þessi leti.
Björt í suðri sólin skín,
sveifla piltar ljáum.
Hátt og ótt í eggjum hvín
er þeir granda stráum.
Tjú, tjú, tjú.....

Dís var að dansa' í nótt,
Dís þarf að lúra,
Dísu er svo dúrarótt,
Dís vill því kúra.
Átök mörg og orðin reið,
ekkert henni bifar.
Sólin gengur sína leið,
sífellt klukkan tifar.
Tikk, tikk, tikk.....

Friðrik A. Friðriksson

Dís þetta draumslór
dámar mér nú ekki,
ljáin orðin allt of stór,
ætti' að nást í flekki.
Þegar slíkur þurrkur er
þyrfti fólk að vaka.
Fram úr stelpa, flýttu þér,
farðu strax að raka.
Raka, raka, raka.....

Hann Tumi fer á fætur

Hann Tumi fer á fætur
við fyrsta hanagal
að sitja yfir ánum
lengst inni í Fagradal.

Og Snati hans er hirðffl
og hrútur ráðgjafinn
og smalahóll er höllin. –
En hvar er drottningin?

Freysteinn Gunnarsson

Hann lætur hugann líða
svo langt um dali' og fjöll
því kóngur vill hann verða
í voða stórri höll.

Helstu hugtök, frum- efnis og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Þigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmpættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmpættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmpættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur

finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrfin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjörugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsgjafi og spyrja: „ Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsgjafi?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislöng strik eftir lengd tónanna og tröppur eða strik sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**



Hlutverk kennarans


Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.


**Komdu og skoðaðu líkamann
-vinnublöð-**

Komdu og skoðaðu líkamann - Lykilorð



BEINAGRIND





Komdu og skoðaðu líkamann - Lykilorð


MEISTARAVERK

Nafn _____

Afmælistímanurinn minn



Rigning í glerkrukku




lýsing: _____

Rigning í glerkrukku



Komdu og skoðaðu líkamann - orðasúpa




L K I P S T B A K T E R Í U R
 Ð U L A N G E O K K U M S M K
 S U N U R H I F R N O Á K E E
 Þ Ó P G Ó S N L A R O N K Y N
 E P R V U R A B A L Ó U S J N
 Z X Ú Ö S U G R S Í Ó Ð X A S
 Þ Ð S Ð J H R S T U R U Ú R L
 M Í S V Ó L I G S U F R U M A
 A A Ó A N A N I A S H Ú S A K
 G M L R A F D A G H J U R F O
 I A H Ö F U Ð K Ú P A X R Í N
 L Í N A H S K Ó L I R F Ý Y Ý
 I L Ö K Ó K A N N A T J R S R
 Ð R A F L I T A U G A R Ó A U
 I L Í F F Æ R I E L S N D Ð R

Finndu orðin:

FRUMA	MÁNUÐUR	TAUGAR
VÖÐVAR	LÍFFÆRI	BEINAGRIND
HÖFUÐKÚPA	HJARTA	LUNGU
MAGI	NÝRU	BAKTERÍUR

Komdu og skoðuðu líkamann - orðaskuggar






Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

Lungu, fruma, vöðvar, nýru, beinagrind, taugar, bakteríur, magi, mánuður

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

